



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 29. fundur, 28. janúar 2009.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt 29. fund sinn, miðvikudaginn 28. janúar 2009, kl. 8:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Viðræður við fulltrúa verktaka við uppsteypu sundlaugarinnar
2. Undirbúningur næsta útboðs
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Til fundarins mættu þeir Einar Kolbeinsson, framkvæmdastjóri, Jóhannes Torfason, stjórnarformaður og Þorgrímur Pálmason, byggingarstjóri til að ræða framgang uppsteypu á sundlauginni. Fram kom í máli þeirra að tímamörk á síðasta útboði hafi verið þröng, breyttar aðstæður gerðu það að verkum að lögð var áhersla á að tryggja fastráðnu starfsfólki þeirra vinnu en þeir starfsmenn sem ráðnir voru til viðbótar kusu að hverfa heim aftur þegar gengi krónunnar féll í október. Verkið hefur gengið áfallalaust, tíðin hefur að mestu verið hagstæð fyrir utan snjókafla í nóvember sl. Verktaki óskar eftir því að fá framlengingu á verktímanum til 15. apríl 2009. Nefndin samþykkir umræddan frest enda hefur bæjarstjórn tekið ákvörðun um að sundlaugin verði ekki tekin í gagnid fyrr en árið 2010 og forsendur því aðrar en þegar útboðið fór fram.
2. Útboðsgögn vegna næsta útboðs verða klár um næstu mánaðarmót. Nefndin hvetur til þess að verkið verði boðið út í byrjun mars mánaðar. Verktíminn verði út október 2009.
3. Engin önnur mál voru færð til bókar.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 9.30.

Héðinn Sigurðsson
Guðmundur Haraldsson
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason